

Starfsemi velferðarsviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Erla Björg Sigurðardóttir, félagsráðgjafi MA og sérfræðingur á sviði félagsþjónustu og vímuefnavanda, segir frá starfinu í Sveitarfélaginu Hornafirði



Erla Björg
Sigurðardóttir

Í ágúst 2019 hóf ég störf sem sviðsstjóri velferðarsviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar, en undir sviðið heyrir félagsþjónusta, barnavernd og félagsleg heimaþjónusta. Það hefur verið heilmikið ævintýri að flytjast í lítið samfélag í órafjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu, en þar hef ég búið og starfað að mestu. Í sveitarfélaginu eru rúmlega 2.400 íbúar, en flestir búa á Höfn og eru 22% íbúanna af erlendum uppruna.

Það sem heillaði mig við Hornafjörð, auk stórbrotinnar náttúrufegurðar, er hversu öflugt og fram-sækið sveitarfélagið er á sviði velferðarmála sem og á öðrum sviðum. Fjölbætt velferðarþjónusta er starfrækt, auk félagsþjónustu, barnaverndar og félagslegrar heimaþjónustu. Starfrækt er heimahjúkrun, heilsugæsla og hjúkrunarheimili. Á Höfn er verslunar- og þjónustukjarni, lögreglustöð, útibú sýslumanns, leikskóli, grunnskóli (samrekin er leik- og grunnskóli í Hofgarði í Örafum sem er strjálbýli), framhaldsskóli og tónlistarskóli. Þá starfa þar rannsóknarsetur Háskóla Íslands og Náttúrustofa Suðurlands. Menningarmiðstöð Hornafjarðar er með aðsetur á Höfn og hefur fjölbættu hlutverki að gegna. Stofnunin starfrækir m.a. listasafn, náttúrugripasafn, bókasafn, skjalasafn og byggðasafn. Öflugt og fjölbreytt íþrótta- og félagslíf er starfrækt fyrir



Sundlaugin á Höfn í Hornafirði.

alla aldurshópa, má þar nefna boltaíþróttir og kóra- og tónlistarstarf. Löng hefð er fyrir gróskumiklu starfi í myndlist og mikil virkni er í golfklúbbi Hornafjarðar, Kiwanisklúbbi og björgunarsveit.

Frá árinu 2016 hefur verið unnið í samvinnu við Embætti landlæknis að heilsueflandi samfélagi. Í október sl. var hafin innleiðing á samþættingu félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar ásamt innleiðingu á velferðartækni í þjónustunni með uppsetningu og notkun á samskiptaforminu Memaxi. Í júní sl. hófst undirbúningur að innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með verkefninu Barnvænt sveitarfélag í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og UNICEF. Í lok ársins 2020 var undirritað samkomulag um að innleiða í félagsþjónustu verkefnið Samvinna eftir skilnað. Markmið verkefnisins er að þróa og innleiða nýtt vinnulag í félagsþjónustu og efla félagslega ráðgjöf með áherslu á skilnaðarmál og forsjár- og umgengnismál, barnanna vegna.

Stefnumótun í Sveitarfélaginu Hornafirði er nú á lokametrunum með hliðsjón af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Atvinnulíf er öflugt og atvinnuþátttaka mikil í venjulegu árferði, en mikil ferðaþjónusta hefur byggst upp undanfarin ár sem liggur nú að mestu niðri vegna heimsfaraldursins. Í október 2020 var atvinnuleysi 11,8% og meira en helmingur atvinnulausra var íbúar af erlendum uppruna. Í október sl. var ráðinn verkefnastjóri með úrræði frá sveitarstjórnarráðuneytinu í tímabundna stöðu til að efla virkni meðal atvinnulausra af erlendum uppruna.

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að koma allri starfsemi velferðarsviðs undir eitt þak og á vor mánuðum flyst starfsemin í endurbætt glæsilegt húsnæði. Félagsþjónusta og barnavernd er í þéttu samstarfi við leik-, grunn- og framhaldsskóla í tengslum við stuðningsþjónustu skóla. Samstarfið snýr að teymisvinnu, en stofnuð eru teymi í kringum þau börn sem þurfa einhvern stuðning, óháð því hvort einhver greining liggur fyrir. Á árinu 2020 voru starfandi 23 slík

Tafla. Fjöldi notenda sem fengu þjónustu árin 2018–2020 – Tegund þjónustu, ár og kyn

	2018			2019			2020		
	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals
Fjárhagsaðstoð	6	3	9	6	5	11	5	5	10
Félagsleg ráðgjöf	10	9	19	15	24	39	11	13	24
Húsnæðisstuðningur	3	7	10	4	8	12	6	7	13
Þjónusta við börn undir 18 ára aldri	18	20	38	27	18	45	26	20	46
Tilkynningar til barnaverndar				25	9	34	35	22	57

teymi með áherslu á snemmtæka íhlutun og gripið inn í þegar stuðningsþörf birtist, en það leiðir oft til frekari greiningar og langtíma stuðnings. Í félagsþjónustu og barnavernd eru tveir fastráðnir starfsmenn auk sviðsstjóra og þar að auki eru fjórir verktakar á sviði félagslegrar ráðgjafar og uppeldis- og fjölskylduráðgjafar í vinnu hjá sviðinu. Sérstök áhersla er á fjölmenningu í starfsemi félagsþjónustunnar. Þá eru stuðningsfjölskyldur og stuðningsaðilar í málum nokkurra barna og fjölskyldna. Annars vegar er starfandi teymi félagslegrar ráðgjafar og barnaverndar og hins vegar velferðarteymi barna sem fulltrúar skólaþjónustu, heilsugæslu, félagsþjónustu og barnaverndar sitja í, og umræddir verktakar þegar það á við. Taflan hér að ofan sýnir umfang félagsþjónustu og barnaverndar.

Starfsemi félagslegrar heimaþjónustu er með tvískiptum vöktum og sofandi næturvakt. Auk þrifa er þétt stuðningsþjónusta við einstaklinga í sjálfstæðri búsetu með stuðningi við notendur með fjölbættar stuðningsþarfir, og svo akstursþjónusta. Í félagslegri heimaþjónustu eru 19 starfsmenn sem sinna rúmlega 50 heimilum í sveitarfélaginu. Notendur þjónustunnar eru á aldrinum 18 til 98 ára og hafa mismunandi þjónustuþörf, þar af u.þ.b. 20 einstaklingar með fjölbættar og flóknar stuðningsþarfir. Teymi félagsþjónustu og félagslegrar heimaþjónustu er starfandi til að tryggja þetta þjónustukeðju.

Starfsemi velferðarsviðs Hornafjarðar einkenndist af áhrifum heimsfaraldursins frá því snemma á árinu 2020 með ströngum sóttvörnum og fjöldatakmarkunum eins og annars staðar. Fjarfundabúnaður var strax tekinn í notkun við flest fundarhöld starfsmanna og hefur það kennt okkur að slíkt fyrirkomulag er í mörgum tilvikum heppilegt og skilvirkara en fundarhöld í raunheimum, sem flestir eru þó farnir að sakna mjög. Mikil skipulagsvinna fór í hönd vegna vaktafyrirkomulags og hólfunar starfsfólks þannig að sem minnst væri hróflað við þjónustustiginu. Viðtöl voru tekin í síma og fundarsal safnaðarheimilisins. Fjarþjónusta sál-

fræðinga og annarra sem veita einstaklingsráðgjöf og -meðferð tók töluverðan kipp almennt í landinu og kom það sér mjög vel fyrir notendur velferðarsviðs Hornafjarðar. Eins og víða á landsbyggðinni er aðgengi að sérfræðingum lítið og fjarlægðir miklar með miklum kostnaði fyrir einstaklingana og sveitarfélagið.

Félags- og virknistarf í félagslegri heimaþjónustu fór ekki varhluta af hinu fordæmalaus ástandi á árinu 2020 þar sem það þurfti að takmarka ýmsar ferðir og skemmtanir fyrir notendur. Starfrækt hefur verið eftir fremsta megni öflug iðja fyrir einstaklinga með fjölbættar og flóknar stuðningsþarfir. Inn á milli fjöldatakmarkana hefur verið farið út að borða á veitingastað í bænum í stað árlegrar vorferðar. Mikið kapp hefur verið lagt á útiveru og virkni, svo sem badminton, hringjakast, kubb, golf, dagsferð að Þórbergsetri, fjöruferð og gönguferðir í kynngimagnaðri náttúru Hornafjarðar. Þá var í sumar farin fjögurra daga sumarbústaðarferð sem var fjármögnuð með styrk frá félagsmálaráðuneytinu.

Áfallateymi er starfrækt í sveitarfélaginu og er það skipað fulltrúum frá velferðarsviði, Rauða krossinum, heilsugæslu, skóla, kirkju og lögreglu. Áfallateymið tók að sér snemma í faraldrinum að hringja í alla íbúa 80 ára og eldri til að kanna hvernig líðan þeirra væri m.t.t. einangrunar. Þannig var reynt að halda utan um þann aldurshóp sem ekki var í neinum tengslum við þjónustu sveitarfélagsins.

Umfang félagsþjónustu í litlu sveitarfélagi eins og Hornafirði er auðvitað miklu minna en í Reykjavík, en fjölbreytni þjónustunnar er þó svipuð, eins og kemur fram hér að framan. Þá gera stuttar vegalengdir á Höfn og nánd fólksins hlutina oftast einfaldari, en stöku sinnum fylgir nándinni þó nokkur áskorun. Sveitarfélagið Hornafjörður er reyndar mjög víðfeðmt, nær yfir alla Austur-Skaftafellsýslu (6.280 ferkílómetra), og einkennist af magnaðri náttúrufegurð hvert sem lítið er, hvort sem það er til hárra, snarbrattra fjalla eða jökla sem hafa skriðið fram á láglandið.

Kynning á störfum félagsráðgjafa á fræðslusviði Akureyrarbæjar

*Dalrós J. Halldórsdóttir, félagsráðgjafi,
fræðslusviði Akureyrarbæjar*

Forsagan

Akureyrarbær ákvað að innleiða PMTO-foreldrafærni og SMT-skólafærni haustið 2005. Sú ákvörðun var tekin eftir úttekkt Valgerðar Magnúsdóttur sálfræðings á þjónustu sveitarfélagsins og tillögur hennar til úrbóta. Í tillögunum komu m.a. fram óskir um aukna þjónustu við foreldra og kennara vegna hegðunarvanda barna og unglinga. PMTO – styðjandi foreldrafærni – varð fyrir valinu vegna þess að þar er stuðst við gagnreyndar aðferðir (pmto.is). Þuríður Sigurðardóttir félagsráðgjafi var ráðin verkefnastjóri PMTO/SMT og sá hún um innleiðingu verkefnisins fyrir sveitarfélagið. Á Akureyri útskrifuðust fyrstu tveir meðferðaraðilarnir árið 2007. Einstaklingsmeðferð hófst strax árið 2006 og foreldra- og grunnmenntunarnámskeið ári síðar.

Staðan í dag

Í dag eru þrír félagsráðgjafar með PMTO-meðferðaréttindi á Akureyri ásamt því að hafa réttindi til að kenna á námskeiðum. Guðbjörg Ingimundardóttir er verkefnastjóri í 80% starfi og Dalrós Halldórsdóttir í 100% starfi á fræðslusviði. Jóhanna Hjartardóttir starfar á fjölskyldusviði og hefur sinnt kennslu á námskeiðum og handleiðslu. Höfum við allar margra ára reynslu af barnaverndar- og meðferðarvinnu. Til að viðhalda réttindum til að veita PMTO-meðferð þarf að uppfylla skilyrði um sjö handleiðslur á ári. Auk þess þarf að skila inn myndbandsupptöku árlega af meðferðar- eða foreldranámskeiðstíma. Böndin eru skoðuð af meðferðaraðilum sem Barnaverndarstofa þjálfar í samráði við PMTO-miðstöð í Oregon.

Við erum með sama tilvísunarblað í okkar þjónustu og sérfræðiþjónustu við skóla og koma tilvísanir frá skólum, heilsugæslu, barnavernd og öðrum fagaðilum sem sinna málefnum barna. Einnig geta foreldrar sótt um sjálfir á þar til gerð eyðublöð. Þrír grunnskólar og fjórir leikskólar eru sjálfstæðir SMT-skólar.



Dalrós J. Halldórsdóttir og Guðbjörg Ingimundardóttir

Helstu verkefni:

- **Einstaklingsmeðferð PMTO.** Í einstaklingsmeðferð vinnum við að því að bæta foreldrahæfni og styrkja forsjáraðila í uppeldishlutverkinu. Oft er um mikinn hegðunarvanda að ræða og er unnið markvisst með öll verkfæri PMTO. Helstu verkfærin eru skýr fyrirmæli, hvatning, mörk, tilfinningastjórn, samskipti við skóla, eftirlit og lausnaleit. Þegar um er að ræða samsettar fjölskyldur reynum við að koma verkfærunum til allra sem sinna uppeldi barnsins og leitum lausna í ágreiningsmálum. Lengd einstaklingsmeðferða fer eftir þyngd mála og tekur að meðaltali tíu til tólf skipti með heimaverkefnum á milli tíma. Einnig sinnum við annarri uppeldis- og fjölskylduráðgjöf eftir þörfum.
- **Foreldranámskeið PMTO.** Foreldranámskeiðin eru átta skipta hópnámskeið, byggð eins upp og



Akureyri

einstaklingsmeðferðin. Þar er vandinn ekki eins mikill og börnin oftast yngri. Undanfarið hefur þörfin og eftirspurnin eftir námskeiðum aukist og höfum við verið með allt að fjögur námskeið yfir veturinn. Auk þess höfum við verið með sérstök PTC-meðferðarnámskeið sem eru fjórtán skipti. Þau námskeið eru hugsuð fyrir forsjáradila eldri barna með meiri vanda.

- **Grunnmenntun fagaðila og nýliðanámskeið.** Grunnmenntunarnámskeið er sex daga námskeið í þremur lotum fyrir fagfólk innan SMT-skóla. Þar er það hjálfað í að hjálfa samstarfsfólk í notkun verkfæranna með hlutverkjaleikjum. Þátttakendur læra að gera virknimat þar sem skráð er hegðun barna sem eiga við hegðunarvanda að etja, leggja inn og taka í notkun úrbótaáætlun og skrá aftur nokkru síðar til að meta árangur. Auk þess höfum við komið að nýliðafræðslu fyrir starfsfólk með kynningu á verkfærunum og verið með upprifjun á starfsdögum.
- **Ráðgjöf og handleiðsla til kennara.** Beiðnir

berast frá skólum vegna einstaklinga eða hópa. Farið er í áhorf og unnið með kennurum að úrbótum eftir þörfum.

- **Umsjón og eftirfylgd með SMT-skólum Akureyrarbæjar.** Við sitjum SMT- og lausnaleitarfundi í skólum eftir þörfum, veitum ráðgjöf og tryggjum að verið sé að nýta verkfærin og ferlana.
- **Fyrirlögn og úrvinnsla SET-lista.** Lagðir eru fyrir SET-gæðalistar árlega í hverjum SMT-skóla. Könnuð er fylgni við aðferð með viðtölum við börn, starfsfólk og stjórnendur og með áhorfi á deildum. Aðstoð við umbótaáætlun er veitt eftir þörfum.
- **Reglulegir samráðsfundir eru haldnir með öðrum fagaðilum sem sinna málefnum barna.**

Peim sem vilja kynna sér betur aðferðafræði PMTO er bent á heimasíðu PMTO á Íslandi. Þar er einnig að finna slóðir á rannsóknir og lesefni. <https://pmtto.is/wordpre>

Heimasíða Tímarits félagsráðgjafa er www.timaritfelagsradgjafa.is

Skilafrestur ritrýndra greina í næsta tölublað er 15. október 2021.
Hægt er að skila inn öðru efni í tímaritið fram til áramóta 2021–2022.